

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/9/01		Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um sáttameðferð í málum er varða ólögmætt samráð fyrirtækja, í því skyni að samþykkja ákvörðun samkvæmt 7. gr. og 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól . . . . .	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/9/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7056 – USS/BA/easyJet/Monarch/Crown Shareholder/NATS) . . . . .	9
2014/EES/9/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7156 – WEX/Radius/European Fuel Card Business of Esso) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	10
2014/EES/9/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7158 – GlencoreXstrata/Sumitomo/Clermont JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	11
2014/EES/9/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7166 – Sacyr/LBEIP/HC) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	12
2014/EES/9/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7183 – Kendrick/Topaz/RPIF) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	13
2014/EES/9/07		Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.7036) . . . . .	14
2014/EES/9/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6258 – Teva/Cephalon) . . . . .	14

<b>2014/EES/9/09</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6996 – Secop/ACC Austria) . . . . .	15
<b>2014/EES/9/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7047 – Microsoft/Nokia) . . . . .	15
<b>2014/EES/9/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7062 – Rudus East/Lujabetoni/JV) . . . . .	16
<b>2014/EES/9/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7078 – Santander Consumer Finance/El Corte Inglés/ Financiera El Corte Inglés) . . . . .	16
<b>2014/EES/9/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7108 – Axpo Group/EDP Group/JV) . . . . .	17
<b>2014/EES/9/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7110 – GIC Realty/British Land/Broadgate) . . . . .	17
<b>2014/EES/9/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7114 – JLL/DSM/JV) . . . . .	18
<b>2014/EES/9/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7127 – Carlyle/MDP/Chesapeake/MPS) . . . . .	18
<b>2014/EES/9/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7136 – Marubeni/INCJ/AGS) . . . . .	19
<b>2014/EES/9/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7143 – Mitsubishi Corporation/Mitsubishi Electric Corporation/ Mitsubishi Elevator Thailand) . . . . .	19
<b>2014/EES/9/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7148 – Borealis European Holdings/First State Investments/ Fortum Distribution Finland) . . . . .	20
<b>2014/EES/9/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7159 – NEC/Mitsubishi/INFOSEC) . . . . .	20
<b>2014/EES/9/21</b>	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug . . . . .	21
<b>2014/EES/9/22</b>	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir . . . . .	21
<b>2014/EES/9/23</b>	Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	22
<b>2014/EES/9/24</b>	Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	23
<b>2014/EES/9/25</b>	Auglýsing efnahagsþróunarráðuneytis Lýðveldisins Ítalíu með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	24

<b>2014/EES/9/26</b>	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á Bojszowy-svæðinu .....	25
<b>2014/EES/9/27</b>	Auglýsing efnahagsþróunarráðuneytis Lýðveldisins Ítalíu með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni .....	26

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um sáttameðferð í málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja, í því skyni að samþykkja ákvörðun samkvæmt 7. gr. og 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

2014/EES/9/01

A.

Tilkynningin, sem hér birtist, er gefin út í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir) og samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (er nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir).

B.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur birt tilkynningu undir fyrirsögninni „Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um sáttameðferð í málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja, í því skyni að samþykkja ákvörðun samkvæmt 7. gr. og 23. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 í málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja“<sup>(\*)</sup>. Í þeirri gerð, sem er ekki bindandi, er því lýst hvernig fyrirtækjum verður umbunað fyrir samstarf við málsmeðferð sem var hafin í því skyni að beita 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins gagnvart málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja.<sup>(1)</sup>

C.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að ofangreind gerð varði Evrópska efnahagssvæðið. Í því skyni að viðhalda jafngildum samkeppniskilyrðum og tryggja að samkeppnisreglum EES-samningsins sé beitt með sama hætti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA tilkynningu þessa samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 25. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

### 1. INNGANGUR

- 1) Í tilkynningu þessari er því lýst hvernig fyrirtækjum verður umbunað fyrir samstarf í tengslum við málsmeðferð sem var hafin í því skyni að beita 53. gr. EES-samningsins gagnvart málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja<sup>(2)</sup>. Sáttameðferðin getur gert Eftirlitsstofnun EFTA kleift að fjalla um fleiri mál með sama mannafla og gæta almannahagsmuna með skilvirkri og tímanlegri refsingu, jafnframt því sem heildarvarnaðaráhrif eru aukin. Samstarfið sem tilkynning þessi tekur til er frábrugðið því sem felur í sér að leggja að eigin frumkvæði fram sannanir, sem er ætlað að verða kveikjan að, eða að þoka áleiðis, rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA sem tilkynning hennar um niðurfellingu eða lækkun sekta í málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja<sup>(3)</sup> („tilkynning um ívilnandi meðferð“ í því sem hér fer á eftir) tekur til. Ef samstarf sem fyrirtæki býður fellur undir báðar tilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA, er unnt að umbuna fyrir það samstarf í báðum tilvikum<sup>(4)</sup>.

<sup>(\*)</sup> Tilkynningin vísar til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2003 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, Stjtið. ESB C 167, 2.7.2008, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skipta með sér lögsögu í einstökum málum, sem falla undir ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 56. gr. EES-samningsins. Tiltakið mál getur aðeins fallið undir lögsögu annarrar stofnunarinnar.

<sup>(2)</sup> Með ólöglegu samráði er átt við samninga og/eða samstilltar aðgerðir tveggja eða fleiri keppnauta sem hafa það að markmiði að samhæfa samkeppnishæðun þeirra á markaði og/eða hafa áhrif á tiltekna samkeppnishætti með aðgerðum á borð við samráð um kaup- eða söluverð eða önnur atriði viðskipta, úthlutun framleiðslu- eða sölukvóta, markaðsskiptingu, til að mynda með samráði um tilboðsgerð, hömlur á innflutningi eða útflutningi og/eða aðgerðir til að takmarka samkeppni frá öðrum keppnautum. Aðgerðir af þessu tagi eru með alvarlegustu brotum á ákvæðum 53. gr. EES-samningsins.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB C 294, 3.12.2009, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 64, 3.12.2009, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Sjá 33. mgr.

- 2) Þegar aðilar að málsmeðferðinni eru reiðubúnir að viðurkenna aðild sína að ólöglegu samráði fyrirtækja, sem brýtur gegn ákvæðum 53. gr. EES-samningsins og þar með ábyrgð sína, geta þeir einnig lagt sitt af mörkum til að flýta fyrir því að tilsvarandi ákvörðun verði samþykkt skv. 7. gr. og 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem lýtur að framkvæmd samkeppnisreglna, sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr. EES-samningsins, á þann hátt og með þeim tryggingum sem tilgreindar eru í þessari tilkynningu. Þó svo að Eftirlitsstofnun EFTA, sem eitt rannsóknaryfirvalda og verndara EES-samningsins, sem hefur vald til að taka ákvarðanir um framfylgd sem falla undir eftirlit af hálfu EFTA-dómstólsins, semji ekki um hvort um brot á EES-rétti sé að ræða og um viðeigandi viðurlög, getur hún umbunað fyrir samstarf það sem lýst er í þessari tilkynningu.
- 3) Í III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól um málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um hagnýtar grunnreglur um framkvæmd meðferðar mála sem varða ólöglegt samráð fyrirtækja, m.a. þær sem gilda um sáttameðferð. Í þessu skyni veitir III. kafli bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól Eftirlitsstofnunar EFTA sjálfðæmi um hvort hún kannar sáttameðferð, eða ekki, í málum er varða ólögmaett samráð fyrirtækja, en tryggir um leið að ekki sé unnt að þvinga málsaðila til að leita sátta.
- 4) Árangursrík framfylgd samkeppnislaga EES samrýmist að fullu virðingu fyrir rétti málsaðila til að grípa til varna, en það er ein grundvallarregla EES-réttar sem verður að standa vörð um undir öllum kringumstæðum, einkum í málum sem varða ólögmaett samráð fyrirtækja og geta leitt til viðurlaga. Af því leiðir að reglur, sem Eftirlitsstofnun EFTA setti um málsmeðferð til að framfylgja ákvæðum 53. gr. EES-samningsins, skuli tryggja að fyrirtæki og samtök viðkomandi fyrirtækja fái tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum um sannleiksgildi og mikilvægi staðreynda, andmæla og kringumstæðna, sem Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram, á meðan málið er til meðferðar <sup>(5)</sup>.

## 2. MÁLSMEÐFERÐ

- 5) Eftirlitsstofnun EFTA hefur mikið svigrúm til að ákvarða í hvaða málum gæti verið viðeigandi að kanna áhuga málsaðila á sáttumleitunum, svo og til að ákveða að hefja þær eða slíta þeim eða ná endanlegum sáttum í málinu. Í þessu skyni er við hæfi að taka tillit til þess hvort unnt sé að komast að sameiginlegri niðurstöðu með málsaðilum, innan hæfilegs tíma, um umfang hugsanlegra andmæla, í ljósi þátta eins og fjölda málsaðila, fyrirsjáanlegs ágreinings um hvar ábyrgð liggur og að hve miklu leyti staðreyndir málsins verða vefengdar. Þá verður að huga að því, með hliðsjón af því hvernig sáttameðferðinni hefur miðað áfram, hvort líkur eru á að gera málsmeðferðina skilvirka, m.a. hvort mikið álag fylgir því að veita aðgang að málskjöllum, að trúnaðarupplýsingum slepptum. Önnur athugunarefni, eins og hvort líkur séu á að málið hafi fordæmisgildi, kunna einnig að koma við sögu. Eftirlitsstofnun EFTA getur einnig ákveðið að stöðva sáttaviðræðurnar ef málsaðilar sammælast um að afbaka eða eyðileggja sönnunargögn sem eru mikilvæg til að sýna fram á brot eða hluta af því eða til að reikna út sekt. Afbökun eða eyðilegging sönnunargagna, sem eru mikilvæg til að sýna fram á brot eða hluta þess, geta einnig verið þyngingarástæður í skilningi 28. liðar leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning sekta, sem lagðar eru á samkvæmt a-lið 2. mgr. 23. gr. í II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („leiðbeinandi reglur um sektir“ í því sem hér fer á eftir), og líta má á það sem skort á samstarfi í skilningi 12. og 27. liðar tilkynningarinnar um ívilnandi meðferð. Eftirlitsstofnun EFTA er einungis heimilt að hefja sáttaviðræður að fenginni skriflegri beiðni þeirra aðila sem málið varðar.
- 6) Málsaðilar hafa ekki rétt til sátta en ef Eftirlitsstofnun EFTA telur að mál henti, að jafnaði, vel fyrir sáttameðferð, mun hún kanna hug allra aðila að sama máli til sátta.

<sup>(5)</sup> Mál 85/76 *Hoffmann-La Roche* gegn framkvæmdastjórn [1979] ECR 461, 9. og 11. mgr. Eftirlitsstofnun EFTA verður að tryggja að réttindi málsaðila, sem varða málsmeðferð og fram koma í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól og í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og Dómstóls Evrópusambandsins séu virt (sjá mál E-15/10 *Posten Norge AS* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*, skýrsla EFTA-dómstólsins 2012, bls. 266, 85.–92. mgr.).

- 7) Málsaðilum er óheimilt að greina þriðja aðila í hvaða lögsögu sem er frá innihaldi umræðnanna eða skjala, sem þeir hafa haft aðgang að, í því skyni að ná sáttum, nema Eftirlitsstofnun EFTA hafi veitt þeim skýrt leyfi til þess. Öll brot í þessu tilliti geta orðið til þess að Eftirlitsstofnun EFTA hafi að engu beiðni fyrirtækisins um að taka þátt í sáttameðferð. Slik upplýsingagjöf getur einnig vera þvingingarástæða, í skilningi 28. liðar leiðbeinandi reglna um sektir og líta má á hana sem skort á samstarfi í skilningi 12. og 27. liðar tilkynningarinnar um ívilnandi meðferð.

### **2.1 Upphaf málsmeðferðar og þreifingar til að koma á sáttum**

- 8) Ef Eftirlitsstofnun EFTA íhugar að samþykkja ákvörðun skv. 7. gr. og/eða 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, er henni skylt að tilgreina fyrir fram og viðurkenna sem málsaðila þá lögaðila sem kunna að verða sektaðir vegna brots á 53. gr. EES-samningsins.
- 9) Málsmeðferð skv. 6. mgr. 11. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, með það fyrir augum að samþykkja slíka ákvörðun, getur hafist hvenær sem er, þó eigi síðar en daginn sem Eftirlitsstofnun EFTA gefur út andmæli gegn viðkomandi málsaðilum. Í 1. mgr. 2. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól kemur fram að telji Eftirlitsstofnun EFTA við hæfi að kanna hug málsaðila til að stofna til sáttaviðræðna, muni hún hefja málsmeðferð eigi síðar en þann dag sem hún annaðhvort gefur út andmæli eða óskar eftir því að málsaðilar skýri skriflega frá hug sínum til að ná sáttum, hvort sem ber upp fyrir.
- 10) Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur málsmeðferð skv. 6. mgr. 11. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól missa samkeppnisyfirlit í EFTA-rikinum vald sitt til að beita 53. gr. EES-samningsins gagnvart málinu sem hér um ræðir.
- 11) Telji Eftirlitsstofnun EFTA við hæfi að kanna hug málsaðila til að stofna til sáttaviðræðna, mun hún veita þeim frest, sem er eigi skemmri en tvær vikur, skv. 1. mgr. 10. gr. a og 3. mgr. 17. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, til að lýsa því yfir hvort þeir hyggest stofna til sáttaviðræðna í því skyni að leggja hugsanlega fram sáttatillögu síðar. Með þeirri skriflegu yfirlýsingu er ekki látið að því liggja að málsaðilar viðurkenni aðild að broti eða þeir beri ábyrgð á því.
- 12) Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur málsmeðferð gegn tveimur eða fleiri aðilum innan sama fyrirtækis mun hún upplýsa hvern og einn um hina lögaðilana sem hún tilgreinir innan sama fyrirtækis og sem málsmeðferðin varðar einnig. Óski viðkomandi aðilar, þegar svo er, eftir því að stofna til sáttaviðræðna, verða þeir að tilnefna sameiginlega fulltrúa sem eru til þess bærir að koma fram fyrir þeirra hönd áður en fresturinn, sem um getur í 11. lið, rennur út. Markmiðið með tilnefningu sameiginlegra fulltrúa er einungis að greiða fyrir sáttaviðræðum og hefur ekki á neinn hátt áhrif á það hvernig ábyrgðin á brotinu dreifist milli mismunandi aðila.
- 13) Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að hafa að engu sérhverja umsókn um niðurfellingu sekta eða lækkun sekta af þeirri ástæðu að hún hafi verið lögð fram eftir að fresturinn, sem um getur í 11. lið, rann út.

### **2.2 Upphaf sáttameðferðar: sáttaviðræður**

- 14) Óski einhverjir málsaðila eftir því að hefja sáttaviðræður og fullnægi þeir kröfunum sem um getur í 11. og 12. lið, getur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að halda sáttaferlinu áfram með tvíhliða samskiptum milli Eftirlitsstofnunar EFTA og þeirra sem vilja ná sáttum.
- 15) Eftirlitsstofnun EFTA hefur svigrúm til að ákvarða hvort tvíhliða sáttaviðræður við hvert fyrirtæki séu viðeigandi og hversu hratt viðræðurnar gangi fyrir sig. Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, er m.a. um það að ræða að ákvarða, í ljósi þess heildarárangurs sem náðst hefur í sáttaferlinu, í hvaða röð tvíhliða sáttaviðræðurnar fara fram og hvenær upplýsingar eru birtar, m.a. sannanir í málsskjölum Eftir-

litsstofnunar EFTA sem eru notaðar til að ákvarða fyrirhuguð andmæli og hugsanlega sekt <sup>(6)</sup>. Upplýsingar verða birtar tímanlega eftir því sem sáttaviðræðunum miðar fram.

- 16) Snemmbær upplýsingagjöf af því tagi, í tengslum við sáttaviðræður skv. 2. mgr. 10. gr. a og mgr. 1a í 15. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, gerir málsaðilum kleift að vera upplýstir um helstu þætti sem hafa verið teknir til athugunar fram að því, eins og meintar staðreyndir málsins, flokkun þeirra staðreynda, alvarleika og lengd meints ólöglegs samráðs, hver beri ábyrgð, mat á umfangi líklegra sekta, ásamt sönnunargögnum sem eru notuð til að staðfesta hugsanleg andmæli. Þetta mun gera málsaðilum kleift að halda á lofti skoðunum sínum á hugsanlegum andmælum gegn þeim og að taka upplýsta ákvörðun um hvort þeir eigi að semja eða ekki. Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig, að beiðni málsaðila, veita aðgang að tilteknum, aðgengilegum skjölum sem eru í málsskjölunum á þeim tíma, að trúnaðarupplýsingum slepptum, að svo miklu leyti sem það er rökstutt með því að málsaðili geti þá öðlast fullvissu um stöðu sína varðandi það tímabil sem hið ólöglega samráð stóð yfir, eða annan þátt þess <sup>(7)</sup>.
- 17) Þegar árangur, sem náðst hefur í sáttaviðræðunum, leiðir til sameiginlegs skilnings að því er varðar umfang hugsanlegra andmæla og mat á umfangi líklegra sekta, sem Eftirlitsstofnun EFTA leggur á, og Eftirlitsstofnun EFTA tekur þá bráðabirgðaafstöðu að líklegt sé að málsmeðferðin verði skilvirkari í ljósi þess árangurs sem náðst hefur, getur Eftirlitsstofnun EFTA veitt lokafrest, sem er eigi skemmri en 15 virkir dagar, til að fyrirtæki geti lagt fram lokasáttatillögu skv. 2. mgr. 10. gr. a og 3. mgr. 17. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Frestinn má framlengja, berist um það rökstudd beiðni. Áður en slíkur frestur er veittur, eiga málsaðilar rétt á að fá þær upplýsingar sem tilgreinar eru í 16. lið, óski þeir eftir því.
- 18) Málsaðilar geta kallað til skýrslufulltrúa hvenær sem er í sáttafærlinu vegna álitamála sem upp kunna að koma og tengjast sanngjarnri málsmeðferð. Skýrslufulltrúi hefur þá skyldu á höndum að tryggja að raunhæf framkvæmd réttinda varnaðila sé virt.
- 19) Láti viðkomandi málsaðilar hjá liða að leggja fram sáttatillögu, mun málsmeðferðin sem leiðir til lokaákvörðunar gagnvart þeim fylgja almennum ákvæðum, einkum ákvæðum 2. mgr. 10. gr., 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 15. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, í stað þeirra ákvæða sem gilda um sáttameðferð.

### 2.3 Sáttatillögur

- 20) Málsaðilar sem kjósa að leita satta verða að leggja fram beiðni um sættir í formi sáttatillögu. Sáttatillagan sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. a í III. kafla bókunar 4 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls skal fela í sér:
  - a) skýra og ótvíræða viðurkenningu á ábyrgð málsaðila á brotinu þar sem því er lýst í stuttu máli að því er varðar efni þess, hugsanlega framkvæmd, helstu málsatvik, lagalega flokkun þeirra, m.a. hlutverk málsaðila og hversu lengi þeir tóku þátt í brotinu, í samræmi við niðurstöðu sáttaviðræðna,
  - b) ábendingu <sup>(8)</sup> um hámarksfjárhæð sektar sem málsaðilar gera ráð fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA leggi á þá og sem málsaðilar myndu fallast á í tengslum við sáttameðferð,
  - c) staðfestingu sammingsaðila á því að þeir hafi verið nægilega upplýstir um þau andmæli sem Eftirlitsstofnun EFTA fyrirhugar að hreyfa gegn þeim og að þeir hafi fengið næg tækifæri til að skýra Eftirlitsstofnun EFTA frá sjónarmiðum sínum,
  - d) staðfestingu málsaðila á því, í ljósi þess sem að framan greinir, að þeir hyggist ekki óska eftir aðgangi að málsskjölunum eða óska eftir að fá að flytja mál sitt við munnlega skýrslugjöf, nema Eftirlitsstofnun EFTA endurspegli ekki sáttatillögur þeirra í andmælunum og í ákvörðuninni,

<sup>(6)</sup> Tilvísun til „hugsanlegra sekta“ í 2. mgr. 10. gr. a í III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól gerir Eftirlitsstofnun EFTA kleift að upplýsa málsaðila sem sáttaviðræður varða um mat á hugsanlegri sekt þeirra með tilliti til leiðsagnar í leiðbeinandi reglum um sektir, ákvæða þessarar tilkynningar og tilkynningar um ívilnandi meðferð, ef við á.

<sup>(7)</sup> Í því skyni verður málsaðilum afhent skrá yfir öll aðgengileg skjöl í málsskjölunum á þeim tíma.

<sup>(8)</sup> Þetta myndi leiða af viðræðunum sem greint er frá 16. og 17. lið.

e) samþykki málsaðila um að taka við andmælunum og lokaákvörðuninni skv. 7. og 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól á viðurkenndu, opinberu tungumáli EES.

- 21) Með viðurkenningu málsaðila og staðfestingu þeirra, í því skyni að ná sáttum, lýsa þeir yfir að þeir séu staðráðnir í að leggja sig fram um að málið verði leyst á skjótan hátt með sáttameðferð. Viðurkenning þessi og staðfesting eru hins vegar háðar því að Eftirlitsstofnun EFTA fallist á sáttabeidni þeirra, m.a. að því er varðar vænta hámarksupphæð sektarinnar.
- 22) Málsaðilar geta ekki einhliða afturkallað sáttabeidnir, sem þeir hafa lagt fram, nema Eftirlitsstofnun EFTA fallist ekki á sáttabeidnirnar með því að endurspegla sáttatillögurnar fyrst í andmælum og loks í lokaákvörðun (sjá í þessu skyni 27. og 29. lið). Andmælin teljast hafa stutt sáttatillögurnar ef þau endurspegla efni þeirra að því er varðar þau atriði sem um getur í a-lið 20. liðar. Til þess að lokaákvörðun teljist hafa endurspeglað sáttatillögurnar, verður hún, að auki, að leggja á sekt sem er ekki hærri en sem nemur hámarksfjárhæðinni sem þar er tilgreind.

#### 2.4 *Andmæli og svör*

- 23) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 10. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, er tilkynning um skrifleg andmæli við sérhvern málsaðila, sem andmælum er beint til, lögboðið undirbúningsskref áður en lokaákvörðun er samþykkt. Eftirlitsstofnun EFTA mun því einnig senda frá sér andmæli við sáttameðferð<sup>(9)</sup>.
- 24) Til þess að málsaðilar geti beitt rétti sínum til að grípa til varna á skilvirknan hátt, skal Eftirlitsstofnun EFTA, áður en lokaákvörðun er tekin, hlýða á sjónarmið þeirra að því er varðar andmælin gegn þeim og sönnunargögn sem styðja þau og taka tillit til þeirra með því að breyta bráðabirgðagreiningu sinni, ef við á<sup>(10)</sup>. Eftirlitsstofnun EFTA verður ekki aðeins að geta fallist á eða hafnað rökum málsaðila, sem skipta máli og sem koma fram við stjórnsýslumeðferðina, heldur einnig að gera eigin greiningu á þeim málsástæðum sem þeir leggja fram, annaðhvort til að hætta við slík andmæli af því að sýnt hefur verið fram að þau séu tilhæfulaus, eða til að bæta og endurmeta rök sín, bæði að því er varðar málsatvik og lagaatriði, til stuðnings andmælunum sem hún heldur fast við.
- 25) Viðkomandi málsaðilar gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift, með því að leggja fram formlega sáttabeidni í formi sáttatillögu áður en kemur að tilkynningu andmæla, að taka tillit til sjónarmiða þeirra þegar drög eru gerð að andmælunum, fremur en aðeins áður en kemur að samráði við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu („ráðgjafarnefndin“ í því sem hér fer á eftir) eða áður en lokaákvörðun er tekin<sup>(11)</sup>.
- 26) Viðkomandi málsaðilar skulu, endurspegli andmælin sáttatillögur þeirra, svara þeim, innan frests sem er að minnsta kosti tvær vikur og Eftirlitsstofnun EFTA veitir í samræmi við 3. mgr. 10. gr. a og 3. mgr. 17. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, með því einfaldlega að staðfesta (á ótvíræðan hátt) að andmælin samsvari innihaldi sáttatillagna þeirra og að þeir séu því staðráðnir í að fylgja sáttatillögunum. Berist slíkt svar ekki, mun Eftirlitsstofnun EFTA taka mið af því að málsaðili hafi brotið gegn skuldbindingu sinni og hún getur líka haft að engu ósk málsaðila um að fylgja sáttameðferðinni.
- 27) Eftirlitsstofnun EFTA heldur rétti til að samþykkja andmæli sem endurspegla ekki sáttatillögu málsaðila. Fari svo, gilda almenn ákvæði 2. mgr. 10. gr., 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 15. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Litið yrði svo á að þau atriði sem málsaðilar viðurkenndu í sáttatillögunni hefðu verið dregin til taka og að ekki væri unnt að nota þau sem sönnunargögn gegn neinum málsaðilanna. Viðkomandi málsaðilar væru því ekki bundnir

<sup>(9)</sup> Andmæli í tengslum sáttameðferð skulu fela í sér nauðsynlegar upplýsingar til að málsaðilar geti staðfest að þau endurspegli sáttatillögur þeirra.

<sup>(10)</sup> Eftirlitsstofnun EFTA skal, í samræmi við viðtekná dómaframkvæmd, aðeins grundvalla ákvarðanir sínar á andmælum sem viðkomandi málsaðilar hafa getað gert athugasemdir við og þeir skulu í því skyni fá aðgang að málsskjölum Eftirlitsstofnunar EFTA, með fyrirvara um lögmetta hagsmuni fyrirtækja til að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

<sup>(11)</sup> Eins og krafist er í 1. mgr. 11. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og 1. mgr. 27. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, í þeirri röð.



af sáttatillögum sínum og fengju, færu þeir fram á það, frest til að grípa á ný til varna, m.a. fengju þeir hugsanlega aðgang að málskjöllum og að óska eftir munnlegri skýrslugjöf.

### 2.5 *Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA og umbun vegna sáttu*

- 28) Þegar málsaðilar hafa svarað andmælunum og staðfest að þeir vilji ná sáttum, gera ákvæði III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól Eftirlitsstofnunar EFTA kleift að halda áfram, án annarra málsmeðferðarþrepa, og samþykkja lokaákvörðunina skv. 7. gr. og/eða 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina skv. 14. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Þetta felur einkum í sér að málsaðilar geta ekki óskað eftir munnlegri skýrslugjöf eða aðgangi að skjölum þegar sáttatillögur hafa endurspeglast í andmælunum, í samræmi við 2. mgr. 12. gr. og mgr. 1a í 15. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
- 29) Eftirlitsstofnun EFTA heldur rétti til að samþykkja lokaafstöðu sem vikur frá bráðabirgðaaafstöðu hennar, sem kom fram í andmælum sem studdu sáttatillögur málsaðilanna, annaðhvort með tilliti til álits ráðgjafarnefndarinnar eða vegna annarra viðeigandi atriða með tilliti til endanlegs sjálfræðis Eftirlitsstofnunar EFTA við ákvarðanatöku í þeim efnunum. Kjósi Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar að fylgja þeirri leið, mun hún greina málsaðilum frá því og tilkynna þeim ný andmæli til að þeir geti fengið að neyta réttar síns til að grípa til varna í samræmi við almennar reglur um málsmeðferð. Af því leiðir að málsaðilar fengju þá rétt til aðgangs að málskjöllum, til að óska eftir munnlegri skýrslugjöf og til að svara andmælunum. Litið yrði svo á að þau atriði sem málsaðilar viðurkenndu í sáttatillögum hefðu verið dregin til taka og ekki væri unnt að nota þau sem sönnunargögn gegn neinum málsaðilanna.
- 30) Endanleg fjárhæð sektar í tilteknu máli er ákveðin í ákvörðun þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða brot skv. 7. gr. og lögð á sekt skv. 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
- 31) Í samræmi við stjórnáskilframsýsluframkvæmd Eftirlitsstofnunar EFTA verður tilgreint í öllum ákvörðunum að fyrirtæki hafi átt samstarf við Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt tilkynningu þessari meðan á málsmeðferð stóð, til útskýringar á fjárhæð sektarinnar.
- 32) Ákvæði Eftirlitsstofnunar EFTA að umbuna málsaðila fyrir sáttina í tengslum við þessa tilkynningu, verður sektin sem lögð verður á lækkuð um 10% eftir að 10% hámarki hefur verið beitt, með vísan til leiðbeinandi reglna um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt a-lið 2. mgr. 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Allar sértækar hækkunar í varnaðarskygni<sup>(12)</sup> verða ekki meira en tvisvar sinnum hærrí.
- 33) Þegar fyrirtæki, sem hafa óskað eftir ívilnandi meðferð, eru aðilar að málum sem sátt hefur náðst um verður lækkuð sektarinnar sem þeir fá vegna sáttarinnar lögð við umbunina sem þeim er veitt vegna ívilnandi meðferðarinnar.

### 3. **ALMENN ATRIÐI**

- 34) Tilkynning þessi gildir um sérhvert mál sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur til meðferðar þegar eða eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
- 35) Aðgangur að sáttatillögum er aðeins veittur þeim viðtakendum andmæla, sem hafa ekki óskað eftir sáttameðferð, og þá með því skilyrði að þeir – svo og lögmennt sem fá aðgang að þeim fyrir þeirra hönd – skuldbindi sig að afrita hvorki með vélrænum né rafrænum hætti upplýsingar í sáttatillögum, sem aðgangur er veittur að, og tryggja að upplýsingar úr sáttatillögum verði aðeins notaðar í tengslum við dómsmál eða stjórnáskilframsýslumál sem varða beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins. Aðrir málsaðilar, svo sem kvartendur, fá ekki aðgang að sáttatillögum.

<sup>(12)</sup> Ákvæða 22. liðar leiðbeinandi reglna um útreikning sekta sem lagðar eru á samkvæmt a-lið 2. mgr. 23. gr. í II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (Stjtið. ESB C 314, 21.12.2006, bls. 84, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 21.12.2006, bls. 44).

- 36) Séu upplýsingar af þessu tagi notaðar í öðrum tilgangi meðan á málsmeðferð stendur kann að verða litið svo á, að ekki hafi verið sinnt samstarfi í skilningi 12. og 27. mgr. tilkynningarinnar um ívilnandi meðferð. Hafi upplýsingarnar verið notaðar á þann hátt eftir að Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út ákvörðun um að banna tiltekið athæfi, getur Eftirlitsstofnun EFTA jafnframt beðið EFTA-dómstólinn, í tengslum við dómsmál sem er rekið fyrir þeim dómstóli, að hækka sektina sem lögð er á viðkomandi fyrirtæki. Komi til þess að upplýsingarnar séu notaðar í öðrum tilgangi, hvenær sem það yrði, með afskiptum utanaðkomandi lögmanns, getur Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnt það viðkomandi lögmannafélagi með ósk um að agaviðurlögum verði beitt.
- 37) Sáttatillögur, sem lagðar eru fram á grundvelli þessarar tilkynningar, verða því aðeins framsendar samkeppnisyfirvöldum EFTA-ríkjanna í samræmi við 12. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að skilyrðum í tilkynningu EFTA-nets samkeppnisyfirvalda<sup>(13)</sup> sé fullnægt og að því tilskildu að samkeppnisyfirvöld, sem veita upplýsingunum viðtöku, sjái til þess að þær njóti verndar til jafns við það sem tíðkast hjá Eftirlitsstofnun EFTA.
- 38) Að ósk umsækjanda getur Eftirlitsstofnun EFTA fallist á að taka við sáttatillögum munnlega. Munnlegar sáttatillögur verða hljóðritaðar og endurritaðar í húsakynnum Eftirlitsstofnunar EFTA. Í samræmi við 19. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og 3. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 17. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, verður þeim fyrirtækjum, sem leggja fram munnlegar sáttatillögur, gefinn kostur á að sannreyna að ekki séu tæknilegir annmarkar á upptökunni, sem verður aðgengileg í húsakynnum Eftirlitsstofnunar EFTA, og leiðréttá munnlegar sáttatillögur sínar efnislega og sannreyna án tafar að ekki séu tæknilegir annmarkar á endurritinu.
- 39) Eftirlitsstofnun EFTA mun ekki framsenda sáttatillögur til landsdómstóla án samþykkis viðkomandi umsækjenda, í samræmi við ákvæði í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um samstarf milli Eftirlitsstofnunar EFTA og dómstóla EFTA-ríkjanna við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins<sup>(14)</sup>.
- 40) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að birting skjala og skriflegra eða hljóðritaðra greinargerða (þ.m.t. sáttatillögur), sem henni berast í tengslum við þessa tilkynningu, grafi að jafnaði undan vissum almanna- eða einkahagsmunum, til að mynda verndun á tilganginum með athugunum og rannsóknum, í skilningi 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 300/12/COL frá 5. september 2012 um að samþykkja endurskoðaðar reglur um almennan aðgang að skjölum og um niðurfellingu ákvörðunar 407/08/COL<sup>(15)</sup>, jafnvel eftir að ákvörðunin hefur verið tekin.
- 41) Endanlegar ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól falla undir úrskurðarvald dómstóla í samræmi við 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. EFTA-dómstóllinn hefur að auki, eins og kveðið er á um í 35. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól og 31. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, ótakmarkað dómvald til að endurskoða ákvarðanir um sektir sem voru samþykktar skv. 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

<sup>(13)</sup> Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyfirvalda (Stjtið. ESB C 227, 21.9.2006, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 21.9.2006, bls. 1).

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB C 305, 14.12.2006, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 62, 14.12.2006, bls. 21.

<sup>(15)</sup> Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 300/12/COL; sjá vefsetur Eftirlitsstofnunar EFTA <http://www.eftasurv.int/press-publications/rules-on-access-to-documents/>.

**Yfirlit yfir málsmeðferðina sem leiðir til samþykkar (sátta)ákvörðunar skv. 7. og 23. gr. II. kafla bókar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

- I. Rannsókn eins og venjulega
  - Málsaðilar geta lýst yfir áhuga sínum á hugsanlegri sátt.
- II. Þreifingar til að koma á sáttum
  - Bréf til allra félaga (og EFTA-ríkja) þar sem greint er frá ákvörðun um upphaf málsmeðferðar í því skyni að ná sáttum (6. mgr. 11. gr.) og óskað eftir að þau lýsi áhuga sínum á sáttum.
- III. Tvíhliða sáttaviðræður
  - Upplýsingagjöf og skipst á röksemdum um hugsanleg andmæli, ábyrgð og fjárhæðir sekta.
  - Birting sönnunargagna sem eru notuð til grundvallar hugsanlegum andmælum, ábyrgð, sektum.
  - Birting annarra skjala úr málsskjölunum, að trúnaðarupplýsingum slepptum, þegar það er réttlætandi.
- IV. Sættir
  - Skilyrtar sáttatillögur félaga, sem njóta sameiginlegs fyrirsvars, ef við á.
  - Eftirlitsstofnun EFTA sendir móttökukvittun.
- V. Andmæli sem „sátt“ er um
  - Tilkynning um einfölduð andmæli þar sem stutt er við sáttatillögur félags, ef við á.
  - Svar félags við andmælum þar sem greinilega kemur fram að þau endurspegli sáttatillögur þess.
- VI. „Sáttaákvörðun“ skv. 7. og 23. gr. II. kafla bókar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól
  - Ráðgjafarnefnd um drög að einfaldaðri lokaákvörðun.
  - Ef stjórnin er sammála:
  - Einfölduð lokaákvörðun samþykkt.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2014/EES/9/02

**(mál COMP/M.7056 – USS/BA/easyJet/Monarch/Crown Shareholder/NATS)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. febrúar 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Universities Superannuation Scheme Limited („USS“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu óbein yfirráð, ásamt bresku fyrirtækjunum British Airways („BA“), easyJet, Monarch og the Crown Shareholder, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu NATS.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - USS: eini fjárvörsluaðili Universities Superannuation Scheme, sem er einn stærsti lífeyrissjóður í einkageiranum í Bretlandi. Félagið hefur umsýslu með helsta lífeyriskerfi háskólakennara og sambærilegra starfsmanna í háskólum og öðrum æðri menntastofnunum og rannsóknarstofnunum í Bretlandi
  - BA: flugfélag sem flytur bæði farþega og vörur
  - easyJet: flugfélag í áætlunarflugi
  - Monarch: flugfélag sem stundar áætlunarflug og leiguflug með farþega
  - The Crown Shareholder: ráðherra samgönguráðuneytis Bretlands sem markar flugmálastefnu landsins
  - NATS: flugumferðarstjórnun í loftrými Bretlands og í loftrými sem Bretar stjórna samkvæmt leyfi frá samgönguráðherra, svo og annars konar þjónusta, t.d. ráðgjöf og þjálfun
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 47, 19. febrúar 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7056 – USS/BA/easyJet/Monarch/Crown Shareholder/NATS, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.7156 – WEX/Radius/European Fuel Card Business of Esso)**

2014/EES/9/03

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10 febrúar 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Wright Express International Holdings Limited, sem lýtur endanlegum yfiráðum bandaríska fyrirtækisins WEX Inc. („WEX“), og breska fyrirtækið Radius Payment Solutions Limited („Radius“) öðlast með hlutfjár- og eignakaupum í sameiningu yfiráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í núverandi eldsneytiskortafyrirtæki Esso („markfyrirtækið“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - WEX: lausnir í tengslum við fyrirtækjagreiðslukort, einkum greiðslulausnir fyrir bifreiðaflota, sýndargreiðslulausnir og greiðslukort
  - Radius: sala og umsýsla með eldsneytiskortum
